

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til tveggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra listamanna, einn af Æskulýðsráði ríkisins og tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formanna og varaforman úr hópi stjórnarmanna.

4. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga og félagasamtaka. Auglýsa skal eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum einu sinni á ári.

5. gr.

Heimilt er að veita styrki til námskeiða- og ráðstefnuhalds ef viðfangsefni þeirra rúmast innan meginmarkmiða sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum og kynningarstarfsemi og skal kostnaður þá greiddur úr sjóðnum.

6. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.
Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 6. maí 1994 staðfest aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Staðfesting þessi tekur ekki til lögsögumarka sveitarfélagsins.

Jafnframt er uppdráttur af aðalskipulagi Mosfellsshrepps, sem staðfestur var 28. september 1983 felldur úr gildi.

Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Magnús Jóhannesson.